Bakkaði á háspennulínur

VÖRUBIFREIÐ var bakkað á háspennulínur, sem liggja á milli hesthúsahverfa Heimsenda í Kópavogi og Andvara í Garðabæ í gærmorgun, með þeim afleiðingum að rafmagn fór af Vatnsendabyggð og efri hluta Breiðholts. Óhappið varð kl. 8.45 þegar vörubílstjórinn var að losa farm við svokallaðan tipp og var pallurinn í hæstu stöðu þegar hann rakst á loftlínurnar sem vöfðust utan um bílinn. Bílstjóranum varð ekki meint af, hann brást rétt við og hreyfði sig ekki út úr bílnum. Ef hann hefði gert það og stigið fæti á jörðina hefði hann fengið í sig rafstrauminn úr háspennulínunum.

Starfsmenn Orkuveitunnar komu fljótlega að, jarðtengdu línurnar og bílstjórinn gat þá stigið út.

Rafmagn var að mestu komið á fimmtán mínútum síðar og klukkan hálftíu voru allir komnir með rafmagn aftur eftir öðrum leiðum. Unnið var að viðgerð á háspennulínunum í gær.

Hleðsla getur myndast í dekkjunum

Að sögn Benedikts Einarssonar, sem sá um kerfisstjórn hjá Orkuveitunni á meðan á aðgerðum stóð, sá öryggisbúnaður hjá Orkuveitunni um að taka rafmagn af línunni um leið og ekið var á hana. „Þegar hann slær línunni út þá getur hins vegar verið að bíllinn hlaðist upp af því að gúmmídekkin halda hleðslu á bílnum sjálfum. Ef hann hefði stigið út úr bílnum og haldið við bílinn með fæturna á jörðinni þá hefði getað farið svo að hann hefði brúað á milli og afhlaðið bílinn í gegnum sjálfan sig.“



Morgunblaðið/Jim Smart

Jón vissi nákvæmlega hvernig hann ætti að bregðast við þar sem hann sótti öryggisnámskeið í síðustu viku.

„Kom svakalegur blossi sem lýsti upp svæðið“

JÓN V. Sigurðsson, vörubílstjóri hjá Klæðningu ehf., hafði rétt lokið við að sturta bílfarmi af jarðvegsúrgangi úr Vatnsendahverfinu, milli hesthúsahverfa Andvara og Heimsenda, og var með pallinn í hæstu stöðu þegar honum varð á að aka af stað með þeim afleiðingum að háspennulínurnar festust milli vagnsins og bílsins. Kolsvartamyrkur var þegar óhappið varð.

„Mér brá auðvitað alveg rosalega, það kom svakalegur blossi sem lýsti upp allt svæðið. Ég þorði auðvitað ekki að fara út úr bílnum enda var hann háspennurafmagnaður. Ég hringdi í verkstjórann og sagði honum frá þessu og þeir hringdu í Orkuveitumenn sem komu á staðinn.“ Jón segir línurnar liggja tiltölulega lágt á þessu svæði.

Það var Jóni til happs að hann vissi upp á hár hvernig átti að bregðast við þar sem hann sótti í síðustu viku námskeið þar sem farið var yfir öryggisatriði, meðal annars um að menn skyldu bíða rólegir í bílunum ef ekið væri á háspennulínur.

20–25 mínútur liðu frá því atvikið átti sér stað þar til búið var að jarðtengja línurnar og Jón gat stigið út úr bílnum.



Morgunblaðið/Jim Smart

Stærsti styrkur einkaaðila

LISTASAFN Reykjavíkur undirritaði í gærkvöld samkomulag við Björgólf Thor Björgólfsson og Samson eignarhaldsfélag um fjárstuðning við safnið vegna uppsetningar á sýningu Ólafs Elíassonar, Frost Activity, sem standa mun yfir í Hafnarhúsinu frá 17. janúar til 14. mars á þessu ári.

Styrkupphæðin skiptir milljónum og nemur um þriðjungi kostnaðar við uppsetningu sýningarinnar, sem verður sú kostnaðarsamasta sem safnið hefur sett upp.

Eiríkur Þorláksson, forstöðumaður listasafnsins, segir stuðning Björgólfs Thors án nokkurs vafa einn stærsta styrk einkaðila til einstaks menningarverkefnis hér á landi. „Það er sérstaklega ánægjulegt að sjá nýja kynslóð kaupsýslumanna í vaxandi mæli taka forystuna í stuðningi við lista- og menningarlíf á Íslandi í upphafi nýrrar aldar,“ segir Eiríkur.

Björgólfur Thor segist glaður styðja við sýningu Ólafs á Íslandi. „Það er ljóst að Ólafur er einn af athyglisverðustu listamönnum samtímans og því mikilvægt fyrir okkur Íslendinga að sjá hverju við getum áorkað úti í hinum stóra heimi.“

Utanríkisráðherra um vopnafundinn

Brýnt að fá niðurstöðu

BANDARÍSKIR sérfræðingar hafa komist að þeirri niðurstöðu að sprengjurnar, sem íslenskir sprengjuleitarmenn fundu í Írak um síðustu helgi, innihaldi ekki sinnepsgas eins og fyrstu mælingar bentu til. Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra segir þessar fregnir sýna að mælingar stangist á. Brýnt sé að fá niðurstöðu um hvers konar vopn eru á ferðinni

Í upphafi hafi tvær danskar og tvær breskar mælingar sýnt að sinnepsgas hafi verið í þessum sprengjum. Bandarískir sérfræðingar hafi gert nánari rannsóknir og komist að annarri niðurstöðu. Vopnin hafa verið send til Bandaríkjanna til enn frekari rannsóknar. „Bandaríkjamenn hafa ekki séð vopn sem þessi áður. Þess vegna vakna ýmsar spurningar um þetta mál. Ef ekki er hér um sinnepsgas að ræða, þrátt fyrir mælingar Dana og Breta, þá eru mælitæki þeirra gagnslaus. Þar af leiðandi verður að endurskoða þær starfsaðferðir sem notaðar eru til að leita að þessum vopnum. Leiða þarf sannleikann í ljós,“ segir Halldór. Hann minnir á að Bandaríkjamenn hafi hrósað íslensku sprengjusérfræðingum, þeir hafi brugðist rétt við.

Air Atlanta Europe fær bandarískt flugleyfi

AIR Atlanta Europe, dótturfélag Air Atlanta í Bretlandi, hefur fengið leyfi til þess að fljúga á eigin flugrekstrarleyfi milli Bretlands og Norður-Ameríku.

Segir í fréttatilkynningu að þetta sé afar mikilvægur áfangi fyrir félagið sem nú geti flogið undir eigin merkjum á þessari flugleið. Jafnframt muni leyfið auka sveigjanleika í rekstri Air Atlanta Europe sem og móðurfélagsins.

Starfshópur skipaður til að koma með tillögu um sveigjanleg starfslok

Ráðherra tekur jákvætt í málið

JÓN Kristjánsson heilbrigðisráðherra hefur skipað starfshóp til að fjalla um aðstæður og lífskjör aldraðra og koma með tillögur að breytingum á lögum um almannatryggingar, m.a. hvort gefa eigi færi á að fresta töku ellilífeyris eða hætta fyrr störfum. Jón segist í samtali við Morgunblaðið vera jákvæður fyrir því að gefa fólki kost á sveigjanlegum starfslokum. Starfshópurinn muni skoða þau mál og önnur er snerta málefni aldraðra. Frumvarp geti jafnvel litið dagsins ljós á komandi vorþingi þar sem mikið efni hafi verið tekið saman um þessi mál í skýrslum og nefndarálitum.

„Þetta er auðvitað einstaklingsbundið, sumir vilja gjarnan ljúka sínu ævistarfi fyrr en aðrir vilja vera lengur að. Aðalatriðið er að hver einstaklingur fái val í þessum efnum. Það er í mínum huga jákvætt,“ segir Jón Kristjánsson.

Skipun starfshópsins er einn liður í samkomulagi sem ríkisstjórnin gerði við eldri borgara í nóvember árið 2002. Stjórn Landssambands eldri borgara hefur tilnefnt formann sinn í starfshópinn, Benedikt Davíðsson. Auk hans munu eiga sæti í starfshópnum tveir fulltrúar heilbrigðisráðuneytisins, einn frá fjármálaráðuneytinu og einn frá Tryggingastofnun ríkisins.

Benedikt bendir á í samtali við Morgunblaðið að eitt atriði samkomulagsins hafi gengið út á að breyta lögum um almannatryggingar á ný til samræmis við það hvernig þau voru til ársins 1991, um að heimila fólki að fresta töku ellilífeyris til 72 ára aldurs án þess að skerða fjárhagslegan ávinning af því. Undanfari samkomulagsins hafi verið nefndarálit þar sem m.a. hafi verið lagt til að lífeyrisþegi, sem frestaði töku ellilífeyris, fengi álag á lífeyri sem svaraði til 0,5% fyrir hvern mánuð sem lífeyristöku væri frestað fram yfir 67 ára aldur. Benedikt segir að ríkisstjórnin hafi lýst yfir stuðningi við þetta.

Fylgst með á Norðurlöndum

Hann segir Landssamband eldri borgara hafa fylgst vel með þróun þessara mála á Norðurlöndum og setið ráðstefnu í Stokkhólmi í haust í því skyni. Þar hafi m.a. gefist tækifæri til að kynnast hugmyndum Norðmanna um að gefa fólki kost á að vinna lengur en til sjötugs, sbr. frétt á forsíðu Morgunblaðsins sl. miðvikudag þar sem sagt var frá áliti nefndar um eftirlaunakerfið þar í landi. Benedikt er bjartsýnn á að Íslendingar verði jafnvel á undan Norðmönnum að koma þessum breytingum á.

„Við tökum undir með Tryggva Þór Herbertssyni hjá Hagfræðistofnun Háskólans að það væri sóun í þjóðfélaginu að moka vel frísku og vinnufæru fólki út af vinnumarkaði eftir kennitölum. Þetta þyrfti að vera heimilt í báðar áttir án einhverra afarkosta í tryggingagreiðslum, þannig að fólk geti einnig hætt fyrr að vinna, óski það þess. Við viljum skoða þetta frá báðum hliðum en þó sérstaklega að heimila fólki, sem hefur til þess möguleika og heilsu, að fá ávinning af því að vinna lengur,“ segir Benedikt.